

Mál nr. 57/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (H)****Meiðsl á dreng er féll úr krana á byggingarlóð þann 16.03. 2006.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.02. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málið varðar 9 ára dreng M sem krifraði upp í byggingarkrana og féll niður. Fallið mun hafa verið um 2,5 metrar. Foreldrar M telja H bera ábyrgð á óhappi þessu þar sem byggingarsvæðið hafi verið ógirt og aðgengi barna opið auk þess sem íbúðarbyggð hafi verið nálægt. Kraninn hafi verið ólokaður og aðgengi barna að honum auðvelt sbr. nánar umfjöllun í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar m.a. til þess að vátryggingartaki hafi “aldrei fyrir heyrt af þessu slysi og skilur ekki hvers vegna tilkynning um það komi rúmlega fjórum árum síðar. Að hans sögn voru tveir kranar á svipuðu svæði annars vegar þeirra krani og svo annar á leið nr. 16-18. Ekki er hins vegar ljóst í hvorum krananum barnið var að krifra þegar slysið varð.” Vátryggingartaki telur að svæðið hafi verið girt við götu en vissulega hafi fótgangandi getað farið inn á svæðið. Engin sérstök hættu hafi verið á svæðinu umfram það sem almennt gerist á byggingarsvæðum og því ekki þörf á að girða umhverfis alla lóðina. Aldrei hafi kvartanir eða ábendingar borist frá Umhverfissviði borgarinnar. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til sakar vátryggingartaka. Það að barn fari inn í iðnaðarhverfi, virði viðvaranir að vettugi og klifri upp í krana geti ekki verið á ábyrgð vátryggingartaka. Auk þess hafi ekki verið sýnt fram á að slysið hafi orðið við krana vátryggingartaka. Greiðsluskyldu er því hafnað.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að nauðsynlegt hafi verið að girða umhverfis allt byggingarsvæðið sökum mögulegrar hættu fyrir börn og vegfarendur.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.